

Nafn námskeiðs: **Skógareldhús - pylsur**

Staðsetning: Einarslundur í útistofu í Heiðmörk

Tengt: Heimilisfræði, Náttúra og umhverfi

Nánari lýsing:

Skógareldhús - pylsur

Viðfangsefni: Matreiðsla úti í náttúrunni.

Aldur: Leikskóli og yngsta stig grunnskóla.

Árstími: Allir.

Tími: 2 kennslustundir.

Stutt lýsing: Nemendur grilla pylsubita á pinnum yfir litlum opnum eldi.

Kennslugögn: Upplýsingabæklingur, pylsur, birkigreinar (eða grillspjót sem hafa legið í vatni yfir nótt), matarhnífar, skurðarbretti, vettlingar.

Framkvæmd

Kveikja: Kennari spyr nemendur hvort þeir hafi séð mat eldaðan úti í náttúrunni. Nemendur eru vísir til að hafa séð mat grillaðan. Kennari ræðir við nemendur um eldun úti í náttúrunni. Bæði er hægt að finna ýmislegt ætílegt í náttúrunni eins og t.d. plöntur og ber á haustin.

Á vettvangi: Kennari sér um tendrun elds. Mikilvægt er að ræða við nemendur um varkára umgengni við eld. Gott er að skipta nemendum í hópa og kemur hver t.d. 4 manna hópur í einu til kennarans og fær eina pylsu á mann. Nemendur brytja pylsuna í bita og færa upp á spjótið. Þegar allir eru komnir með sitt spjót setjast allir á bekkina í kring um eldinn og nemendur sem sitja á sama bekk grilla pylsurnar. Svo gengur það koll af kolli.

Úrvinnsla ígrundun: Eftir að nemendur hafa matast er tilvalið að ræða við þá um hvernig maðurinn geti lifað af úti í náttúrunni, fjarri eldavélum og heimilistækjum.